

53. fundur bæjarráðs

53. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 14. október 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt: Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi, B-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Viðar Helgason, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, boðuðu forföll.

Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	1501031 – Fundargerðir framkvæmda- og veitustjórnar
	<i>18. fundur haldinn 22. september</i>
	<i>19. fundur haldinn 6. október</i>
	<i>20. fundur haldinn 8. október</i>
	Fundargerðirnar staðfestar.
2.	1501028 – Fundargerð fræðslunefndar
	<i>14. fundur haldinn 8. október</i>
	Fundargerðin staðfest.
3.	1501026 – Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar
	<i>15. fundur haldinn 7. október</i>

	<p>-liður 12, 1909091 ósk um umsögn um stofnun lögbýlis Ásamýri 1. Bæjarráð veitir jákvæða umsögn um ósk um stofnun lögbýlis.</p> <p>-liður 18, 1510035 umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði staðfest.</p> <p>-liður 19, 1510036, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir háspennustreng í Austurvegi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði staðfest.</p> <p>-liður 20, 1509118, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara frá Suðurhólum í tengivirki Selfossi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði staðfest.</p> <p>-liður 24, 1302259, tillaga að breyttu deiliskipulagi í Dísarstaðalandi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.</p> <p>-liður 25, 1503075, tillaga að breyttu deiliskipulagi í Gráhellu. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt.</p> <p>-liður 26, 1103050, tillaga að skipulagi miðbæjar Eyrarbakka. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt. Fundargerðin staðfest.</p>
Fundargerðir til kynningar	
4.	<u>1510090 – Fundargerð almannavarnanefndar Árnessýslu</u>
	<i>22. fundur haldinn 9. október</i>
	Lagt fram til kynningar.
Almenn afgreiðslumál	
5.	<u>1510086 – Beiðni Samborgar, samstarfs foreldrafélaga grunnskólanna í Árborg, dags. 29. september 2015, um akstur af skólavistunum í íþrótt- og tómstundatíma.</u>
	Málið er til skoðunar vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2016.
6.	<u>1510056 – Styrkbeiðni Skógræktarfélags Selfoss, dags. 6. október 2015, um styrk til uppbyggingar í Hellisskógi 2016</u>

	Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar.
7.	<u>1510087 – Tillaga Helga S. Haraldssonar, B-lista, um áskorun á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að þeir verði í samræmi við verkefni þeirra</u>
	<p>Bæjarráð Svf. Árborgar skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin og þeim ber að uppfylla samkvæmt lögum. Greinargerð: Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014-2018 segir: "Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölpættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir." Eins og staðan er í dag er ljóst að tekjustofnar sveitarfélaga standa ekki undir þessum markmiðum. Einnig er ljóst að ef ekkert verður að gert, mun rekstrarkostnaður sveitarfélaga hækka mun meira en tekjur þeirra á næstu mánuðum. Ef engin breyting verður gerð munu sveitarfélög illa geta staðið undir hlutverki sínu og skyldum á næstu mánuðum og árum.</p> <p>Helgi Sig. Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista. Bæjarfulltrúar D-lista taka undir tillöguna sem var samþykkt samhljóða.</p>
Erindi til kynningar	
8.	<u>1508178 – Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. október 2015, um móttöku sveitarfélaga á flóttamönnum</u>
	Lögð voru fram gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 9:00.

Gunnar Egilsson		Sandra Dís Hafþórsdóttir
Helgi Sigurður Haraldsson		Ásta Stefánsdóttir